

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
Þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðin að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/bsk7610



Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 5. TBL.

3. OKTÓBER 2008

Hraunvallaskóli vígður eftir þriggja ára verk tíma

Hraunvallaskóli er vígður í dag en þá er lokið byggingu skólans með síðustu álmunni sem var tekin í notkun í haust. Að því tilefni er opið hús í skólanum í dag. Hafnarfjarðarbær býður íbúum Vallahverfis, og Hafnfirðingum öllum, í heimsókn milli kl. 15 og 17 til að skoða þessa glæsilegu byggingu og fá innsýn í það starf sem þar fer fram.

Flatarmál byggingar er 9.400 m². Í húsnæðinu er sex deilda leikskóli fyrir tæp 150 börn og grunnskóli fyrir nemendur í 1.-10. bekk. Alls er gert ráð fyrir að allt að 750 nemendur verði á grunnskólaaldri. Í dag er leikskólinn fullnýttur

F. v. Sigrún Kristinsdóttir og Ágústa Bárðardóttir, skólastjórar.

en nemendur í grunnskólanum er nálægt 500 því enn vantar 10. bekk við skólann sem kemur næsta haust. Þá er einnig í skólanum sérstök aðstaða fyrir nemendur í heilsdagsskólanum. Í skólanum er líka íþrótt-

aðstaða (salur) og félagsaðstaða með félagsmiðstöð. Skólastjórar er er Sigrún Kristinsdóttir (leikskóli) og Ágústa Bárðardóttir (grunnskóli).



Skólasöfn grunnskóla áfram í skráningu

Undanfarin ár hefur átt sér stað skráning á skólasöfnum leik- og grunnskólanna í Hafnarfirði og árlega er gefið út yfirlit um stöðu mála. Skráningin fer fram í landskerfi bókasafna, Gegni.

Í lok ágúst 2008 voru skráningar leik- og grunnskóla í Hafnarfirði 103.025. Lokið er skráningum skólasafna grunnskólanna nema í Engidalsskóla en skráningum í leikskólunum er ekki lokið ennþá svo skráningum á enn eftir að fjölga.

Umsjón með skráningu skólasafna hefur Marta Ricart bókasafns- og upplýsingafræðingur og deildar-

stjóri á Bókasafni Hafnarfjarðar.

Myndin hér er tekin í Lækjarskóla á 130 ára afmæli skólans og sýnir eldri námsbækur og kennsluborð.



Skólaþróun




Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Á hverju hausti verður einhver breyting á stjórnendum í grunnskólum Hafnarfjarðar. Þær eru þessar haustið 2008. Í Hraunvallaskóla hafa bæst við tveir deildarstjórnar stiga og eru það Ingibjörg Magnúsdóttir (1.-7. bk.) og Steinunn Njálisdóttir (8.-10. bekk). Nýr deildarstjóri er í 1.-4. bekk í Lækjarskóla og er það Katrín Danívalsdóttir og í Hvaleyrarskóla er nýr deildarstjóri í 1.-7. bekk Anna Rós Bergsdóttir. Í Áslandsskóla er ráðinn verkefnastjóri og er það

Guðný Haraldsdóttir. Í námsleyfi Hraunar Bergþórdóttur aðstoðarskólalastjóra í Setbergsskóla í vetur er Linda B. Magnúsdóttir og þá er þar nýr skólalastjóri, María Pálmadóttir. Loks er nýr aðstoðarskólalastjóri í Öldutúnsskóla, Valdimar Víðisson, þá deildarstjóri miðstigs Margrét Sverrisdóttir og deildarstjóri verkefna Sigríður Ingadóttir. Þau eru öll boðin velkomin til starfa.

» Námsgagnastofnun var að opna nýjan vef fyrir enskukennslu, **Think** og er á vefslóðinni <http://iis.nams.is/think/>. Þetta er spennandi gagnvirkur vefur til enskukennslu á unglingsstigi. Þá var að koma út verkefnabók við lesbókina **Ísland - Veröld til að njóta** sem er landafræðibók fyrir miðstig. Þá er einnig hægt að fá lesbókina sem hlustunarefni til að hlaða niður af vef.



Frá vígslu Hraunvallaskóla í dag.



Fræðin um fjarkennslu og vefnám

Fræðiefni vikunnar er vefbók um fjarkennslu og vefnám og nefnist **Theory and Practice of Online Learning**. Hún er að koma út í annarri útgáfu nú og í vefútgáfu er hún prentanleg á vefnum. Bókin er mikil að vöxtum eða um 480 blaðsíður. Bókin inniheldur fjölda kafla um fræðileg og gagnýt efni sem snúa að vefnámi, félagsfræði þess og skipulagi auk námsferlisins sjálfs.

Vefnám verður sjálfstætt mikilvægt í skólakerfinu og gefur ýmsa möguleika þótt það feli einnig í sér takmark-



VEFSLÓÐ: http://www.aupress.ca/books/Terry_Anderson.php

Fræðiefnið

anir, s.s. að fólk í námi hittist síður - en vafalaust býður vefnám upp á aðra þætti í staðinn.

Ritstjóri bókarinnar er Terry Anderson en hann er að koma til Íslands og flytja erindi á ráðstefnu 3f og Háskólans í Reykjavík föstudaginn 17. október nk. Sjá nánar á vefslóðinni <http://radstefna.wetpaint.com/?t=anon>. Hann skrifar einnig flesta kafla í bókina og koma hans til Íslands hlýtur að vera fengur fyrir áhugasöm um vefnám og fjarkennslu.

Tilkynning vikunnar

Námskeið Skólaskrifstofu fyrir kennara hefst í næstu viku. Áfram er þó hægt að skrá sig á námskeið sem ekki eru hafin. Einnig er óskað eftir að kennarar tilkynni forföll á námskeið til vigfus@hafnarfjordur.is eins og hægt er hverju sinni.

Næsta blað **Skólavefritsins** er væntanlegt föstudaginn **10. október 2008**

Námskeiðahaldið í næstu viku

6. okt. mánudagur:

Námskeið 111 **Byrjendakennsla í lestri í Lækjarskóla** í Lækjarskóla kl. 15-16.30.

Námskeið 103 **Framsögn og munnleg tjáning** á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar kl. 15-16.30 (1)

7. okt. þriðjudagur:

Námskeið 203 **Verkefnisstjórnun forystuskóla** á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar kl. 9-12 (1)

8. okt. miðvikudagur:

Námskeið 202 **Gagnkvæm (jafningja)handleiðsla** á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar kl. 10-12 (1)

Námskeið 402 **Sjálfsstyrking fyrir unglinga** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-16.30. (1)

9. okt. fimmtudagur:

Námskeið 404 **Hljóm – hvað segir það mér ...?** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17.

SKRÁNING Á NÁMSKEIÐ GERIST MED TÖLVUPÓSTI TIL: vigfus@hafnarfjordur.is